



Fundargerð

364. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 15. maí 2014 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Eiríkur Kristjánsson (EK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. GJÓ boðaði seinkun.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka 2 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 363. fundur sveitarstjórnar 10. apríl 2014.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

GJÓ kom inn á fundinn.

2. Skipulags- og bygginganefnd 12. maí 2014.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1. 1405016 – Umsókn um byggingalóð undir atvinnuhúsnæði.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2. 1405017 – Fremri Gufudalur 139558, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna til auglýsingar skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123-2010. Samþykkt samhljóða.

3. 1301023 – Strýta 139757, byggingaleyfi geymsla.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að endurnýja lóðarleigusamning við eigendur Strýtu og kanna hvort aðrir samningar vegna sumarhúsa í Flatey séu útrunnir og þarfnist endurnýjunar í samráði við byggingafulltrúa.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1405003 – Sveitarstjórnarkosningar 2014.

- a. Erindi frá kjörstjórn Reykhólahrepps sent 28. apríl 2014.

- b. Kjörskrárstofn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2014.**
- a. *Sveitarstjórn samþykkir tillögu kjörstjórnar Reykhólahrepps að kjörfundur fari fram á skrifstofu sveitarfélagsins þann 31. maí 2014 frá kl. 9.00 – 17.00. Samþykkt samhljóða.*
 - b. *Kjörskrárstofn barst frá Þjóðskrá 15. maí 2014. Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofninn, engar athugasemdir voru gerðar, sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofninn sem kjörskrá sveitarfélagsins. Kjörskrá samþykkt samhljóða. Kjörskrá undirrituð af oddvita og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi. Sveitarstjóra og oddvita gefið fullt leyfi til þess að leiðrétta kjörskránnar fram að kjördegi. Samþykkt samhljóða.*
- 2. 1405002 – Viðauki við fjárhagsáætlun 2014.**
Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2014, auk erindis frá hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar, móttekið 30. apríl 2014.
- Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2014.*
- Bóhaldslykill 13211 – 2932, málningavörur aukning úr kr. 0 í kr. 120.000 vegna viðhalds við Eyrarrétt, viðbótaframlag er fengið af eigin fé sveitarfélagsins, samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur GJÓ og SR.*
- Bóhaldslykill 5311 – 2853, minniháttar tæki aukning úr kr. 100.000 í kr. 700.000 vegna kaupa á þvottavél fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið í Barmahlíð, viðbótaframlagið fengið af eigin fé sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*
- Viðaukinn er samþykktur. Sveitarstjóra falið að tilkynna ráðuneytinu viðauka við fjárhagsáætlun 2014 skv. 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.*
- 3. 1405005 – Málefni bókasafns Reykhólahrepps.**
Erindi frá bókasafnsverði dagsett 1. maí 2014, þar sem farið er fram aukið fjármagn í launagreiðslur vegna hækkunar á starfshlutfalli bókasafnsvarðar úr 10% í 25% til reynslu veturinn 2014 – 2014 vegna skráningar bókakosts safnsins í Gegni.
- Sveitarstjórn samþykkir aukafjármagn sem nemur allt að 40 dagvinnutímum á árinu í skráningu í Gegni, opnunartími verði ekki aukinn. Samþykkt samhljóða.*
- 4. 1401013 - Ársreikningur 2013. Niðurfærsla úr bókhaldi.**
Lögd er fram tillaga sveitarstjóra um niðurfærslu úr bókhaldi sveitarfélagsins í tengslum við gerð ársreiknings 2013.
- Sveitarstjórn samþykkir niðurfærsluna samhljóða.*
- 5. 1405018 - Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum.**
Formleg afgreiðsla.
- Sveitarstjórn samþykkir formlega tillögu aðalbókara um hækkun tekjumarka vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum árið 2014. Hækkunin miðast við hækkun launavísitölu 6,7%. Hækkunin hefur þegar tekið gildi með óformlegu samþykki sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.*
- 6. 1405019 - Starfsmannamál.**

Lagt er fram uppsagnarbréf skólastjóra Reykhólaskóla Önnu Gretu Ólafsdóttur dagsett 5. maí 2014.

Önnu Gretu er þakkað það framlag sem hún hefur veitt í þágu Reykhólaskóla síðastliðin 2 ár við sameiningu grunn- og leikskóla. Sveitarstjórn óskar henni jafnframt velfarnaðar á nýjum vettvangi. Anna Greta óskar eftir að starfslok taki gildi 30. júlí 2014, sveitarstjórn óskar þess að skólastjóri fylgi málefnum skólans eftir til þess aðila sem ráðinn verður við skólann, ráðningu verði flýtt eins og kostur er, en gera má ráð fyrir að nýr skólastjóri taki til starfa í byrjun ágúst. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra er falið að auglýsa starf skólastjóra við Reykhólaskóla, samþykkt samhljóða.

7. 1405004 – Mál til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis.

Mál 481 frá allsherjar- og menntamálanefnd dagsett 11. apríl 2014, mál 488 frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd dagsett 15. apríl 2014 og mál 495 frá umhverfis- og samgöngunefnd dagsett 15. apríl 2014.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málin. Samþykkt samhljóða.

8. 1405006 - Áætlun til þriggja ára um refaveiðar, drög til umsagnar.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 14. apríl 2014.

Sveitarstjóra falið að gera áætlun til þriggja ára um refaveiða, miðað við síðustu þrjú ár. Samþykkt samhljóða.

9. 1405014 - Verksamningur við Gámapjónustu Vesturlands um sorphirðu.

Lagður fram verksamningur við Gámapjónustu Vesturlands um sorphirðu í sveitarfélaginu.

Samningurinn samþykktur samhljóða

Til kynningar

10. 1405007– Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun árin 2013-2016 (495. mál, 143, löggjafarþing).

Umsögn landshlutasamtakanna og viðauki send umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 5. maíl 2014.

Lagt fram.

11. 1405008 – Ályktun/áskorun frá Áttthagafélagi Múlahrepps.

Áskorun frá aðalfundi Áttthagafélagi Múlahrepps frá 8. apríl 2014.

Lagt fram.

12. 1405009 - Arðgreiðsla frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2013.

Kynnt. Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Vegna ársins 2013 nemur 1.070.420 kr.

13. 1405010 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2014.

Fundarboð frá framkvæmdastjóra Landskerfa bókasafna dagsett 28. apríl 2014.

Fundarboð lagt fram.

14. 1405011 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. mars, 11. apríl, 23. apríl

Fundargerðir lagðar fram.

15. 1405012 – Fundargerð Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks 21. mars 2014.

Fundargerð lögð fram.

16. 1405013- Fundargerð 815. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 10. apríl 2014.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

17. 1304040 – Athafnasvæði í Flatey, úthlutun lóða.

SR lagði fram tillögu að vinnulagi við úthlutun lóða á athafnasvæði í Flatey, tillagan rædd, ákveðið að skoða málið frekar. Samþykkt samhljóða.

18. 1405020 – Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga.

SR lagði fram eftirfarandi tillögu. Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að samhliða sveitarstjórnarkosningum fari fram skoðanakönnun meðal íbúa þar sem spurt verði um afstöðu þeirra til sameiningar við önnur sveitarfélög. Spurt verði um það hvort að viðkomandi vilji sameinast öðru sveitarfélagi, og ef svarið er já verða gefnir nokkrir kostir um sameiningu sem viðkomandi getur þá valið um. Skoðanakönnunin verði ráðgefandi fyrir næstu sveitarstjórn sem vinna mun úr niðurstöðunni í samvinnu við önnur sveitarfélög og í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Tillagan samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____